

Sturla Ómarsson stjórnarformaður Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna setti fundinn og bauð sjóðfélaga velkomna. Hann gerði tillögu um að Franz Ploder yrði kosin fundarstjóri og Unnur Elín Jónsdóttir Eignastýringu Arion banka myndi rita fundargerð. Tillagan var samþykkt.

Fundarstjóri lagði til að liðirnir um ársreikninginn og fjárfestingarstefnuna yrðu tekin saman og á eftir honum yrði farið yfir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Ekki voru gerðar athugasemdir við það. Fundurinn var lýstur lögmaður og gengið var til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar

Sturla Ómarsson formaður stjórnar EFÍA fór yfir skýrslu stjórnar.

Hann sagði ávöxtunina ekki jafn góða og á fyrra rekstrarári. Raunávöxtun sjóðsins á árinu er - 1,85%, raunávöxtun síðustu 5 árin er 5,46%. Sturla benti á að á árinu var breytt um reikningsskilaaðferð, hefði það ekki verið gert hefði raunávöxtun verið -1,3%.

Tryggingafræðileg staða er jákvæð sem nemur 4%, hún lækkar frá fyrra ári m.a. vegna 3% réttindaaukningar og nýjar lífslíku töflur auka skuldbindingar um 1,7%. Nú er miðað við 2010 – 2014, áður var miðað við 2007 – 2011.

Sturla sagði frá örorkusamkomulagi sem væri á meðal fjögurra sjóða, EFÍA, Íslenska lífeyrissjóðsins, Lífeyrissjóði tannlækna og Lífeyrissjóði Rangæinga. Ástæðan fyrir því væri að lágmark 800 virkir sjóðfélagar verða að greiða í sjóðinn til þess að hann gæti staðið sér.

Sturla fór yfir starfsemina á árinu, alls greiddu að meðaltali 642 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins á árinu. Iðgjöld námu alls 1.596 milljónir kr. og hækkuðu um 16% frá fyrra ári. Lífeyrisgreiðslur sjóðsins á árinu námu 790 milljónir kr. og hækkuðu um 3% frá fyrra ári. Lífeyrisþegar voru 196 á árinu og í árslok 2016 áttu 1.201 sjóðfélagar réttindi í sjóðnum.

Heimildir til að fjárfesta erlendis, voru auknar verulegar, en á árinu fékk sjóðurinn heimild til erlendra fjárfestinga upp á 708 milljónir. Sjóðurinn nýtti allar heimildir með það að markmiði að auka áhættudreifingu. EFÍA er með nokkuð lágt hlutfall í erlendum eignum erlend staða sjóðsins er rétt um 9,3% af heildareignum sjóðsins. Flestir aðrir lífeyrissjóðir eru með um 25-30%.

Sturla fór yfir rekstrarkostnað á árinu 2016, sem var rétt um 0,24% af heildareignum sjóðsins. En sem t.d. væri hjá Bayern/Allianz um 9 -10%. Kostnaður við rekstur sjóðsins, telst nokkuð lár miða við stærð sjóðsins. Opinber gjöld voru tæplega 11% af heildarkostnaði sjóðsins, undir opinber gjöld falla gjöld til Fjármálaeftirlitsins og Umboðsmanns skuldara.

Sturla sagði frá aukningu í sjóðfélagalánnum, í upphafi ársins 2016 kynnti stjórnin miklar breytingar á lánareglum sjóðsins. Boðið er nú upp á fleiri lánamöguleika, verðtryggða breytilega vexti, verðtryggða fasta vexti og óverðtryggða fasta vexti. Veðhlutfallið breyttist úr 65% í 75% og hámarkslánveiting er nú 45 milljónir. Sturla sagði að vextir væru endurskoðaðir á þriggja mánaðar fresti á nýjum lánnum. Mikil ánægja og eftirspurn er eftir lánnum EFÍA.

Því næst ræddi Sturla um kosningaþátttöku á síðasta ári. Sturla sagði að EFÍA væri eign allra sjóðfélaga og mikilvægt að þeir láti sig málið varða. Það hefur verið markmið hjá stjórninni að ná til sjóðfélaga með ýmsum hætti, gerð var könnun á hvaða aldursbili þeir sjóðfélagar væru sem tóku þátt í síðustu kosningu. Kosningaþátttaka var aðeins 21%, og langtum mest hjá eldri sjóðfélögum. Réttindaaukning var samþykkt með 89% atkvæða.


Að lokum benti Sturla á heimasíðu sjóðsins og aðra þá þjónustu sem sjóðfélögum stendur til boða eins og t.d. lánareiknivél á heimasíðu sjóðsins, fréttaveituna og fræðslufundi.

Sturla þakkaði meðstjórnendum sínum í stjórn sjóðsins sem og Snædís framkvæmdastjóra fyrir gott samstarf á árinu. Í lok ársins 2016 féll Kristján Egilsson flugstjóri frá í kjölfar snarpra og erfiðra veikinda. Úlfar Henningsson varamaður tók við í hans stað.

2. Ársreikningur kynntur

Snædís Ögn Flosadóttir framkvæmdastjóri fór yfir ársreikning sjóðsins. Nú er ársreikningur byggður á nýjum reglum nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða. Meginregla þar er sú að eignir skuli metnar á gangvirði. Breyting á mati í skuldabréfaeign sjóðsins m.v. árslok 2015 hækkar virði þeirra um 950,5 milljónir króna sem tekið er í gegn um eigið fé. Hún sagði iðgjöld hafa hækkað um 21,1% á milli ára, lífeyrir hækkaði um 5,2% og rekstrarkostnaður um 2,7%.

Snædís fór yfir breytingu á hreinni eign frá 2012 – 2016, hún hefur hækkað um 10 milljarða króna á tímabilinu.



Snædís fór yfir efnahagsreikning og sjóðstreymi miðað við stöðu 31. desember 2016. Hún sýndi þróun iðgjalda og útgreiðslna frá árinu 2012 – 2016.

Snædís fór yfir helstu áhættuþætti í starfsemi EFÍA og áhættustýringu sjóðsins sem nú eru gerð skil í nýrri skýringu í ársreikningi.

Snædís sýndi þróun heildarskuldbindinga frá árinu 2011 til 2016, tryggingafræðilegstaða hefur farið úr -10% 2011 í +4% árið 2016. Eignir umfram skuldbindingar voru 1.916.030 milljónir á árinu 2016.

Að lokum fór Snædís yfir helstu kennitölur 2016. Hún sagði að sjóðfélögum fjölgar jafnt og þétt og inngreiðslur aukast í takt, sjóðurinn er því í vexti. .

3. Fjárfestingarstefna

Haraldur fór yfir ávöxtun, eignasamsetningu og fjárfestingarstefnu EFÍA 2016. Raunávöxtun var neikvæð um -1.9% en hún var jákvæð um 14% á árinu 2015. Haraldur fór yfir samanburð á innlendum skuldabréfum gagnvart helstu skuldabréfasjóðum sem og samanburð á innlendum hlutabréfum. Haraldur fór yfir ávöxtun sjóðsins til lengri tíma litið, frá 1997 – 2016.

Því næst fór Haraldur yfir eignasamsetningu sjóðsins, sundurliðun skuldabréfa og hlutabréfa. Haraldur fór yfir helstu fjárfestingar ársins 2016 og ræddi eign sjóðsins í Icelandair group, bæði beint og óbeint í gegnum sjóði. Hann fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins 2017, markmið, eignir og skuldbindingar. Haraldur sagði að vægi í flokknum Ríkisvixlar, ríkisskuldbréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs minnkað úr 35% í 30%. Neðri vikmörk lækkuð úr 25% í 20%. Vægi í flokknum Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana aukið úr 5% í 7%. Efri vikmörk aukin úr 15% í 20%. Vægi í flokknum Hlutabréf aukið úr 30% í 33%.

Að lokum fór Haraldur yfir þróun markaða það sem af er ári 2017.

Ámundi Á, mynntist Kristjáns Egilssonar og þakkaði kærlega fyrir hans framlag til sjóðsins. Hann spurði hversvegna er verið að fjárfesta mikið erlendis? Er einhver stefna hér innanlands og í þriðjalagi eru lífeyrissjóðir óbeint á fasteignamarkaði, þar hefur verið alveg ævintýraleg ávöxtun. Er engin stefna hjá sjóðnum ?

Haraldur, sagði vegna áhættudreifingar væri verið að fjárfesta erlendis. Það eru nánast ekki til nægar eignir hér á landi fyrir alla lífeyrissjóðina í landinu til að fjárfesta í. Einnig má horfa til þess að ef hér yrðu efnahagsáföll, þá hafa þau ekki eins mikil áhrif á sjóðinn ef hann væri fjárfestur líka erlendis.

Haraldur sagði að ríkiskuldabréfin gefa um 2,5% vexti, 30% af eignum sjóðsins eru þar. Mjög stór hluti er núna í þessum tilteknum bréfum. Innlendu skuldabréfin hafa alltaf verið með jákvætt framlag en það geta verið verðbreytingar á tímabilum.

Haraldur sagði að það verða aðrir ákveða hvort að sjóðurinn færi í að byggja fasteignir.

Ámundi spurði um stefnu sjóðsins. Haraldur sagði að stjórn setti fjárfestingarstefnu ár hvert.

Sturla tók undir það að Kristjáns væri sárt saknað.

Sturla áréttaði að stefnan væri mjög skýr. Sjóðurinn fjárfesti ekki beint í fasteignum, fjárfest væri í fasteignasjóðum. En ein fasteign kom upp í fangið á sjóðnum vegna sjóðfélaga láns.

Hjörtur Hjartason spurði er það rétt að við eigum í United Silicon. Sturla sagði já, en farið verður yfir það undir liðnum Önnur mál.

Ámundi vildi segja að það sé engin áhætta að fjárfesta í ríkisskuldabréfum.

Haraldur svaraði því til að sjóðurinn væri ekki að fjárfesta í erlendum skuldabréfum sérstaklega á þessum tímapunkti en þegar að hann fékk heimildir til að fjárfesta erlendis varð hann að fjárfesta og var það gert tímabundið í erlendum lausafjár sjóðum.

Ámundi spyr er ykkur bannað að fjárfesta í byggingaiðnaðinum?

Hjörtur spyr er sjóðurinn með stefnu um samfélagslega ábyrgð, er t.d stefna að fjárfesta ekki í erlendum vopnum ?

Snædís svaraði því til að stjórn væri mjög meðvituð um þessa þætti en það lægi ekki fyrir opinber stefna hjá sjóðnum. Hún væri hins vegar í vinnslu samhliða breytingum vegna lagabreytinga núna í sumar.



Davíð, hafið þið skoðað hvaða áhrif þetta hefur þá á ávöxtun sjóðsins?

Snædís sagði að við munum skoða það samhliða, þessir tveir þættir þurfa ekki að vinna gegn hvor öðrum, markmiðið er að vinna þetta saman saman.

Haraldur bætti við, ef við hugsum þetta frá núverandi stefnu sjóðsins þá mun þetta snúa fyrst og fremst að erlendum fjárfestingum.

Sturla ræddi aðeins um samfélagslega ábyrgð, þessir þættir eru til umræðu innan sjóðsins, þetta hefur verið til umræðu og mun áfram verða til umræðu.

4. Tryggingafræðileg úttekt

Vigfús Ásgeirsson fór yfir tryggingafræðilega athugun m.v. árslok 2016. Athugunin fólst í að reikna annars vegar áfallna skuldbindingu miðað við áunnin réttindi og hins vegar heildarskuldbindingu miðað við sjóðfélagar héldu áfram að greiða í sjóðinn þar til þeir færu á lífeyri. Heildarstaða sjóðsins skiptist annars vegar í áfallna stöðu og hins vegar framtíðarstöðu. Áfallin staða er mismunur á núverandi eignum sjóðsins og áföllnum lífeyrisskuldbindingum til sjóðfélaga. Á sama hátt er framtíðarstaðan mismunur á núvirði framtíðariðgjalda núverandi sjóðfélaga og núvirði framtíðarlífeyrisskuldbindinga til sjóðfélaga miðað við tryggingafræðilegar forsendur. Úttektin sýnir að heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 1.916 milljónir. Það er verri staða en í árslok 2015 en þá var staðan jákvæð um 3.418 milljónir. Áfallin staða er jákvæð um 1.845 milljónir en hún var jákvæð um 3.817 milljónir í árslok 2015. Áfallin staða hefur því versnað um 1.972 milljónir á milli ára eða um 7,1% af áfallinni skuldbindingu sjóðsins. Heildarstaða sjóðsins er jákvæð um 4,0% og því innan þeirra marka sem lög kveða á um. Þar segir að heildarstaðan eigi að jafnaði að vera innan 5% vikmarka og aldrei utan 10% marka.

Áunnin lífeyrisréttindi hjá EFÍA voru skert alls fjórum sinnum frá árslokum 2008 til ársloka 2013 en árin eftir hrun reyndust sjóðnum erfið. Góð ávöxtun árið 2015 ásamt mjög hagstæðri þróun örorkuskuldbindinga á árinu 2015 skilaði því að áfallin staða sjóðsins var jákvæð um 15,3% í árslok 2015 og í framhaldinu voru áunnin réttindi hækkuð um 3,0%. Nú er áfallin staða sjóðsins jákvæð um 6,6% þrátt fyrir hækkun réttinda á síðasta ári og innleiðingu nýrra lífslíkna til grundvallar útreiknings í þessari úttekt á sjóðnum. Það er hins vegar ljóst að nokkrar breytingar verða á stöðu sjóðsins að ári þegar spá um lækkun á dánartíðni á komandi áratugum verður tekin með en nýjar eftirlifendatöflur taka gildi við gerð næstu

tryggingafræðilegu athugunar. Skuldbindingar lífeyrissjóða munu aukast og jafnframt sýna réttari niðurstöðu sem á að tryggja að hver kynslóð fái greiddan sanngjarnan lífeyri, hvorki sé verið að ganga á hlut þeirra sem eru komnir á lífeyri né þeirra sem eiga eftir að hefja töku lífeyris.

Þessi tryggingafræðilega athugun byggir á þeim gögnum og forsendum, sem gert hefur verið grein fyrir í skýrslu þessari, ásamt hefðbundnum tryggingafræðilegum útreikningum. Niðurstaðan virðist í ágætu samræmi við niðurstöðu fyrri ára.

Davíð, spyr hefur þú reiknað ef við myndum fljúga til 67 ára?

Vigfús svaraði ég hef ekki reiknað það út.

Davíð spyr, í fyrri hækkuðum við réttindi var það mistök ?

Vigfús, sagði að þetta hafi verið í raun krafa má ekki fara yfir 10% samkvæmt lögum.

Kjartan, 410 þúsund meðaleftirlaun, eru virkilega svona lág réttindi ?

Vigfús svaraði, það eru þarna sumir sem flugu stuttan tíma, þeir sem eru að byrja núna eru að sjá mun hærri. Ellilífeyrir hækkaði um 2-3% á árinu 2016, en þau eru ekki að hækka með launahækkunum. Lífeyririnn þinn er að hækka með verðlagi, þú ert að hækka þannig.

Vigfús þakkað fyrir sig.

5. Skipun stjórnar og laun stjórnarmanna

Sturla fór yfir skipun stjórnar og laun stjórnar.

Fulltrúar FÍA eru Sturla Ómarsson, Geirprúður Alfreðsdóttir og Ólafur W Finnsson. Varamenn FÍA eru Úlfar Henningsson, Bryndís Lára Torfadóttir og Guðlaugur Sigurðsson. Fulltrúar atvinnurekanda eru Bogi Nils Bogason og Kristín Björg Eysteinsdóttir. Varamenn þeirra eru Hlynur Elíasson og Íris Hulda Þórisdóttir. Á síðasta ári steig Úlfar inn sem varmaður í stað Kristjáns.

Stjórn FÍA skipar í stjórn fyrir hönd stéttarfélagsins og verður sú breyting gerð á að Ólafur W. Finnsson kemur í stað Kristjáns Egilssonar. Og varamaður kemur nýr inn Bryndís Lára

Torfadóttir. Vinnuveitendur munu ekki gera breytingu á þeim mönnum er þeir hafa þegar skipað.

Sturla fór yfir tillögu að launum stjórnarmanna en samkvæmt henni haldast stjórnarlaun óbreytt milli ára.

Heildarlaun stjórnar á mánuði:

Formaður	241.538 kr.
Fulltrúar FÍA	181.154 kr.
Fulltrúar atvinnurekanda	65.215 kr.
Varamenn (fyrir hvern fund)	21.738 kr.

Laun endurskoðunarnefndar fyrir hvern fund:


Stjórnarmaður	21.738 kr.
---------------	------------

6. Val endurskoðenda

Sturla kynnti val endurskoðanda fyrir næsta ár. Stjórn hefur verið ánægð með samstarfið og vinnubrögð Kristins Kristinssonar hjá PriceWaterhouseCoopers og mælir endurskoðunarnefnd sjóðsins með því að sjóðurinn haldi sig við þau. Engin hækkun verður á þóknun til endurskoðanda á þessu ári, umfram hækkanir í takt við verðlagsbreytingar.

7. Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum sjóðsins

Geirprúður kynnti breytingar á samþykktum sjóðsins. Breytingin verður ekki gerð með atkvæðagreiðslu, því um er að ræða breytingu sem leiðir af lögum. Stjórn leggur til tvær meginbreytingar. Breytingu á orðalagi til samræmis við framkvæmd og lög 129/1997, samkvæmt 5. mgr. 31. gr. áður nefndra laga annast framkvæmdastjóri daglegan rekstur sjóðsins. Greinarnar sem verið er að breyta hér lýsa verkefnum sem falla undir daglegan rekstur og framkvæmdastjóri og sjóðurinn sinnir en ekki stjórn. Stjórn sjóðsins telur eðlilegt að samþykktir endurspegli raunverulega framkvæmd hjá sjóðnum sem er í samræmi við téða lagagrein hér að ofan. Þá er lögð til ný grein um skiptingu réttinda milli sjóðfélaga og maka til samræmis við lög 129/1997. Í tillögu stjórnar er verið að einfalda framsetningu og draga saman öll ákvæði samþykkt sjóðsins er snúa að skiptingu réttinda sjóðfélaga og maka í eina grein. Jafnframt er bætt við einni grein en ákvæði þau sem lesa má í nýrri grein 15.c voru ekki

7


til staðar í samþykktum en þau má finna í lögum og þykir eðlilegt að gæta samræmis. Grein 9.12 og 11.7 eru felldar niður og sameinaðar í nýrri grein númer 15, ásamt viðbótargrein 15.c til samræmis við lög 129/1997, sem ber heitið skipting réttinda á milli sjóðfélaga og maka.

8. Önnur mál

Sturla fór yfir málefni United Silicon.

Spurt var er Arion banki, helsti viðskiptabanki og lánveitandi United Silicon. Eru einhver tengsl þarna á milli sjóðsins og bankans ?

Kjartan bankarnir voru tæmdir innan frá af eigendum fyrir hrun. Hver er áhætta okkar sjóðs? vegna nýs eignarhalds ?

Sturla sagði að allar eignir sjóðsins standa sér. Perse telst ekki áhætta, en það er annað mál hvort við viljum vera í viðskiptum við slíka aðila. Traust okkar á bankanum er enn mikið sagði Sturla.

Haraldur sagði, að þessar fjárfestingar sem við erum að taka ákvörðun um, sjóðurinn á ekki meiri viðskipti við bankann almennt en markaðshlutdeild hans gefur tilefni til að ætla. Við horfum fyrst og fremst hvar við fáum bestu kjör.

Högni þakkar fyrir skelegg svör og óska stjórnendum velfarnaðar.

Högni spyr hvert er viðhorf til kosninga í stjórn Fía, ég er í stjórn Fía og þeir eru að skipa í stjórn Efla, allavegana finnst það heyrja sögunni til að atvinnurekendur séu með sæti í stjórn Efla. Ætti ekki að kjósa í stjórn meðal sjóðfélaga ?

Sturla sagði það þarf að að breyta hjá Fía að það væri gott vera með rafrænar kosningar, lýðræðislegar kosningar alltaf til bóta.

Davíð, spyr hvort að það sé skylda stjórnarmanna að fara í mat? Já ef FME kallar stjórnarmenn inn þá er það skylda. Hvort stjórnarmaður verði kallaður inn er svo ekki víst.

Örnólfur, tek undir það sem Högni segir, ég tel að stjórn FÍA að eigi að skipa í þessa stjórn. Við höfum þá sérstöðu að við erum með meirihlutastjórnar en við viljum atvinnurekendur út.

Lýðræði skýrt því yrði komið til skila sagði Sturla.

Sturla sagði að þeir hefðu sinnt sínum störfum afskaplega vel.

Örnólfur sagði að það snúist ekki um það.

Hjörtur, spyr Vigfús eru allir með viðmiðið 3,5%. Já svaraði Vigfús.

Gylfi, tel að það eigi að vera í höndum sjóðfélaga en ekki atvinnurekanda að fara með málefni sjóðsins.

Gylfi spyr hvað eiga þeir mikið í bankanum þessir vogunarsjóðir? Þá er spurning að leggja sig við þessa menn.

Sturla svaraði að það eignaraðilar eiga um 30% í dag. Þeir eru að fá leyfi til að fara með virkan eignahlut og eru með það til umsagnar hjá FME.

Davíð, hugmyndin að fá erlenda aðila til að stýra erlendum eignum?

Sturla sagði ánægjulegt spjall í rúttunni. Við erum að kaupa í erlendum sjóðum sem sjá um stýringuna erlendis.

Haraldur sagði að við erum að fjárfesta í sjóðum fyrst og fremst, við erum ekki að kaupa erlend stök bréf.

Sturla, þakkaði kærlega fyrir umræðuna og spurningarnar.

Ekki var fleira rætt á fundinum.

Fundi var slitið kl. 13:44



Franz Ploder
Fundarstjóri



Unnur Elín Jónsdóttir
Fundarritari